

## Atvinnuveganefnd Alþingis


Efni: Þingmál 142. Tillaga til þingsályktunar um stóreflingu innlendar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.

Tillaga þessi til þingsályktunar hefur að geyma margt sem bætt gæti starfsskilyrði innlendar matvælaframleiðslu. Kjarnafæði Norðlenska hefur ekki athugasemdir við tillöguna en vill vekja sérstaka áhygli á þremur liðum:

Í 7. lið er nefndur tollasamningur við Evrópusambandið og uppsögn hans í ljósi breyttra aðstæðna m.a. í kjölfar BREXIT. Mikilvægt er að stjórnvöld hugi að þessum lið í fullri alvöru þar sem hlutföll innflutnings og útflutnings landbúnaðarvara til ESB hafa breyst mjög mikið við útgöngu Breta. Færa má fyrir því sterk rök að forsendur samningsins séu brostnar. Auk þess inniheldur samningurinn frá 2015 umtalsverðar heimildir til útflutnings lambakjöts sem eru langt umfram það sem greinin hefur þörf á eða getur nýtt. Samdráttur hefur verið í framleiðslu sauðfjárafurða undanfarin ár og þeir hagsmunir sem hafðir voru að leiðarljósi við gerð þessa samnings eiga ekki við lengur. Samhliða þessari endurskoðun er mikilvægt að tollskráin í heild sé skoðuð enda hafa upphæðir í henni ekki fylgt verðlagi og tollar því tapað gildi sínu.

Í 13. lið er vikið að flutningsjöfnun. Jöfnun á flutningskostnaði aðfanga og afurða, bæði bænda og afurðastöðva, er til þess fallin að jafna tækifæri framleiðenda til að stunda starfsemi sína óháð staðsetningu viðkomandi á landinu. Landbúnaður er eðli málsins samkvæmt dreifður um landið og mikilvægt, m.a. með hliðsjón af sjálfbærri landnýtingu og fjölbreyttum atvinnuháttum, að matvælaframleiðendur sitji við sama borð óháð staðsetningu sinni með tilliti til næstu afurðastöðvar, birgja eða stærstu markaða innanlands. Í dag er staðan sú að framleiðendur á ákveðnum landssvæðum sitja uppi með hærri rekstrarkostnað vegna flutninga en samkeppnisaðilar þeirra annarsstaðar. Þessum áhrifum væri afar æskilegt að eyða.

Í 17. lið er lagt til að úrvinnslufyrirtækjum verði gert kleift að hagræða með samvinnu og samruna. Hér er um stórmál að ræða sem ítrekað hefur verið reifað við yfirvöld af hálfu hagsmunasamtaka bæði bænda og afurðafyrirtækja. Það er afar mikilvægt að greininni verði gert kleift að hagræða með þessum hætti. Unnar hafa verið skýrslur m.a. fyrir Atvinnuvegaráðuneytið sem sýna fram á þá gríðarlegu hagræðingu sem heimildir til samvinnu og samruna gætu leitt af sér. Slík hagræðing myndi skila sér bæði í hagstæðara vöruverði til neytenda og heilbrigðari rekstri bænda og úrvinnsluaðila landbúnaðarvara.



Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska hf.